Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Siggi

Bjarni Benediktsson – Siggi

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-7, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 3/11 – 38

Kæri Sigurður!

Jeg þakka þjer fyrir brjefið sem jeg fjekk í gær með „Gullfoss“ jeg skal nú reina að svara öllu sem þú spyrð um eftir bestu getu.
Með Sigfús er það að segja að hann býr ekki heima, en hann er oft þar og hans kona og svo líka litla stelpan þeirra, en hún heitir í höfuðið á mömmu og Þóru systir, og þykir gömlu hjónunum mjög vænt um hana Sigfús tók bankabók sem pabbi átti með 3,000 krónum í og eiddi því, og áður var hann búin að taka eitthvað um 2,000 kr til 3,000 kr. pabbi veit það víst ekki svo nákvæmt, svo þaug hafa ekki haft annað ~~nú~~ en húsaleiguna, og mamma hefur ~~treiið~~ skúrað búðir, og svo hefur pabbi skorið tóbak, til að lifa á í það minsta síðan Steinunn konan hans var hjer eða lángt þar áður, við erum alveg hætt að tala um þettað því það þíðir ekki neitt. Pappi ætlaði að fá Viseil útá húsið og búðina í sumar uppá 3.500 kr til að setja klósett og vaska í húsið, en hann fjekk það ekki, en hann fjekk ~~Stan~~ veðdeildarbrjef með 20 prósent afföllum sama sem í peningum 2,800 kr útá fyrsta veðrjett, en hús og ~~búð~~ eru

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

virt á 19,000 kr hús 7,000 lóð 12,000
en jeg held að vaskar og klósett hafi
kostað um 1,000 kr með girðingu og
öllu saman, og restin er geimd á
hjá fjárhaldsmanni þeirra, þú þarft ekki
að bera kvíðboga fyrir mönnum, pabbi
er búinn að ganga frá öllu hjá Lögmanni
svo jeg býst ekki við að Sigfús nái
í neitt af því, Þóra er gift Kristni
Andressen magistir, og það er mesti
reglumaður og ágætisdrengur, þaug hafa
það ágætt eftir því sem fólk hefur
það hjer í Rvík. Kristinn er fjárhalds-
maður þeirra, og það var hann sem
kom öllu þessu í kring fyrir pabba
með lánið, og hjá Lögmanni, og það
er engin hætta á að þaug passi sig
ekki á Sigfúsi, þaug taka leiguna níuna
síðan pabbi lagðist.
Jeg talaði við Ólaf Þorsteins sem lækni
í morgun, hann sagðist ekki skilja
í öðru en það færi að verða búið
með pabba, en annars kem jeg í
Klausturhús á hverjum degi, í gær kveldi
bar jeg pabba útá ~~dywan~~ legubekkinn
á meðan var búið um hann,
það er vakað á hverri nóttu nú
síðustu næturnar, ~~hann~~ hann ~~hr~~ kvarar
mikið á hverjum degi, og jeg býst
alveg við að þegar þessar línur koma
til þín, að þá verði hann ekki í
lifandatölu lengur, mjer þótti verst
að jeg varð að ~~skrökva~~ segja mömmu
og pabba ósatt í gær, því jeg mátti
ekki segja að jeg hafi fengið brjef
frá þjer því þaug vilja fá að heira

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það lesið, en það var ekki hægt eins og stóð í því, svo jeg sagðist vera með kveðju gegnum Bjarna Jónsson í Smiðsgerði en jeg sagðist ætla að skrifa þjer nokkrar línur, og pabbi ~~með~~ bað mig að skila kveðju því það mundi víst verða sú síðasta frá sjer, og eins bað mamma líka að heilsa, en hún ætlar að láta skrifa þjer nokkrar línur til að þakka þjer fyrir eplin og skeytið. Jeg náði í eplin fyrir þau, þú þarft helst að skrifa smá lappa með ef þú skrifar, því mamma vill að alt sje lesið fyrir henni, en hún þolir ekki neitt misjafnt um Sigtún skrifað frá þjer, því jeg man hvað hún ~~mamma~~ var vond uppi heima hjá mjer þegar jeg var að segja konunni þinni frá hvernig Sigtún hefði farið með gömlu hjónin, hún hjelt að hann varðaði nú ekki mikið um það.

Af okkur er nú lítið að segja okkur líður öllum vel, en jeg hef ekkert haft að gera hérna síðan í sumar eins og það er nú slæmt að fá það því það er svo lítið um það, togarinn sem jeg hef verið á nú í síðustu 9 ár hann varð fallítt í fyrra haust og hefur ekkert gengið síðan, og það er svo vont að fá pláss á öðrum því það eru 10-20 um eins sem fer, en jeg hef nú litla von síðast í þessum mánuði

snú

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það biðjir allir þjer heima að heilsa ykkur og vonast eptir að þið hafið það gott

Vertu svo kjært kvaddur og liði þjer ávalt sem best það mælir þinn fóstbróðir

Sig E Ingimundarson

X sjeru

Björn hefur aldrei látið sjá sig í Haustkúsum og þó veitti hann að gamli maðurinn liggur banalegunni, en þeir eru nú svona þessir ~~prestar~~ hjer í Rvík, en hann lætur ekki standa á sjer þegar hann ~~deyr~~ verður dáinn!

Sami, Siggi

Þú verður að fyrirgefa hvað ég fyllti mjer með spettað bréfið en jeg vonast til að þú getir lesið það jeg held að jeg hafi svarað öllu

Siggi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur